

Ed.

577. Frumvarp til laga

[280. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 62 31. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

70. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í váttryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við váttryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 24 000 000 fyrir bifreið og kr. 12 000 000 fyrir önnur ökutæki.

b. Í stað „kr. 600 000“ í 2. mgr. komi: kr. 1 200 000.

2. gr.

Í stað „1.25%“ í 1. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972 og 11. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, komi: 1%.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Váttryggingarfjárhæðir fyrir hina lögboðnu ábyrgðartryggingu ökutækja voru með lögum nr. 62 31. maí 1976 hækkaðar í 12 millj. kr. fyrir bifreiðar og 6 millj. kr. fyrir önnur ökutæki. Vegna verðlagsþróunar þeirrar, sem síðan hefur orðið, er lagt til, að váttryggingarfjárhæðirnar verði nú hækkaðar á ný, þannig að aukið verði öryggi þeirra, sem fyrir tjóni kunna að verða, svo og eigenda ökutækjanna. Er gert ráð fyrir því að váttryggingarfjárhæðirnar tvöfaldist og verði þá 24 millj. kr. fyrir bifreiðar og 12 millj. kr. fyrir önnur skráningarskyld ökutæki. Jafnframt hækki váttryggingarfjárhæð vegna bifreiða, sem flytja fleiri en tíu farþega, að sama skapi, og verði 1 200 000 kr. fyrir hvern farþega umfram tíu.

Eigin áhætta þess, sem fébótaábyrgð ber á tjóni af völdum bifreiðar, er nú allt að 15 000 krónur, og vegna annarra ökutækja 7 500 krónur. Með hækkun váttryggingarfjárhæða og óbreyttu ákvæði 73. gr. umferðarlaga yrði eigin áhætta allt að 30 000 krónur og 15 000 krónur. Þykir eigi rétt að hækka eigin áhættu svo mjög að krónutölu, og er því lagt til að eigin áhætta verði allt að 24 000 krónum fyrir bifreiðir og 12 000 krónur fyrir önnur ökutæki.

Váttryggingartímabil ábyrgðartrygginga ökutækja hófst 1. mars s.l. Er lagt til að hækkun váttryggingarfjárhæða og eigin áhættu taki gildi 1. maí n.k.